

212

7. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, sbr. reglugerðir nr. 152/1951,
nr. 202/1951 og nr. 10/1952, um stóreignaskatt, samkvæmt
12. gr. laga nr. 22/1950.

1. gr.

Síðasta málsg. 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Einnig geta skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, skotið úrskurði
ríkisskattaneðndar til dómstóla, enda sé mál höfðað í síðasta lagi 15. nóvember 1952.

2. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr.
10 28. jan. 1952.

Fjármálaráðuneytið, 7. nóvember 1952.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzzson.

213

31. okt.

AUGLÝSING

um breyting á kærufresti ríkisskattaneðndar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 16 10. apríl 1946, um breyting á lögum nr. 6 9.
jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári
skuli kærufrestur til ríkisskattaneðndar út af tekju- og eignarskatti vera til 15. nóv-
ember n. k.

Fjármálaráðuneytið, 31. október 1952.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzzson.

Kjartan Ragnars.

214

EFNAHAGSREIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 31. desember 1951.

Eignir:

1. Útlán	kr. 28070697.55
2. Skuldabréf ríkissjóðs	— 2687778.54
3. Vaxtabréf Skuldaskilaskjóðs	— 1284250.00
4. Önnur verðbréf	— 526500.00
5. Viðskiptamenn	— 17450.93
6. Inneign í Útvegsbanka Íslands h.f.	— 5695638.52
	Kr. 38282315.54
7. Styrktarlán	— 628000.00
8. Bankainnstæða Styrktarlánasjóðs	— 9580769.28
	Kr. 48491084.82